

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um staðarval fyrir aðra sjúkrahúsuppbyggingu í Reykjavík

Reykjavíkurborg þarf að horfa til mjög langs tíma, jafnvel langt fram eftir þessari öld, hvað varðar þróun og uppbyggingu mikilvægrar starfsemi á höfuðborgarsvæðinu svo sem sjúkrahúspjónustu. Meta þarf búsetuþróun, skipulagningu margvíslegra innviða svo sem gatna og veitukerfa og ekki síst öryggissjónarmiða og þróunar í tækni- og heilbrigðisvísindum.

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að velja heppilegan stað fyrir uppbyggingu á öðru sjúkrahúsi í Reykjavík með tilliti til samgangna, íbúa- og atvinnuþróunar og öryggismála og hvers konar starfsemi ætti að vera í slíku sjúkrahúsi. Lagt er til að þetta verði unnið í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, ekki síst Landspítala háskólasjúkrahús (LSH), stjórnvöld, nágrannasveitarfélögin, heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi lækna.

Skipaður verði samstarfshópur undir forystu Reykjavíkurborgar til að vinna þetta verkefni með það í huga að niðurstaða geti legið fyrir um mitt ár 2019. Þá verði niðurstaða kynnt fyrir hagsmunaaðilum og almenningi og þá eftir atvikum horft til mögulegra breytinga á svæðaskipulagi og aðalskipulagi hvað þetta varðar.

Greinargerð

Lengi hafa verið deilur um staðsetningu Landspítala háskólasjúkrahúss og það sama gildir um ýmsar aðrar stórframkvæmdir í Reykjavík. Reykjavík er ung borg og þar hefur skort á langtímahugsun þar sem ákvarðanataka byggir á langtíma stefnumörkun og áherslur hvað varðar þróun borgarinnar. Framtíðarsýn og langtímahugsun samhliða góðu samstarfi við stjórnvöld á hverjum tíma er nauðsynlegur þáttur við alla innviðauppbýggingu m.a. á sviði samgangna og húsnaðismála. Þetta verður sífellt mikilvægara eftir því sem borgin stækkar og ákvarðanataka þarf að vera faglegri. Fyrir höfuðborg landsins er grundvallaratriði að faglega sé unnið að málum og horft sé yfir eða framhjá pólitískum deilumálum á hverjum tíma.

Ekki hefur verið mótuð stefna og gerð samræmd áætlun um þróun stærstu málaflökka borgarinnar nema á þeim sviðum sem snerta svokallað „aðalskipulag“ og þá eingöngu einn eða tvo eða örfáa áratugi fram í tímann. Svokallað „aðalskipulag“ borgarinnar snýst að stórum hluta um skipulagsmál, hús og götur, og hvað er leyfileg starfsemi innan þessara rýma þ.e. þróun þeirra atriða sem snúa að hinum „hörðu“ þáttum borgarþróunar og -starfsemi.

Með þessari tillögu er lagt til að horft sé til langs tíma hvað varðar uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í borginni. Réttmæt umræða hefur farið fram um það hvort staðsetning núverandi Landspítala við Hringbraut sé heppileg og hvort rétt hafi verið að halda áfram uppbyggingu þar. Það er þó nokkuð ljóst að ekki verður horfið frá þeirri ákvörðun að byggja áfram upp Landspítala háskólasjúkrahús við Hringbraut a.m.k. meðferðarkjarna og rannsóknarhús. Aftur á móti hefur lítil umræða farið fram um það hvort öll spítalastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu eigi að vera á einum stað og rekinn af sama aðila til framtíðar litið. Færa má rök fyrir því að áhættusamt sé að reka alla sjúkrahússtarfsemi í einum samtengdum byggingarklasa af einum og af sama aðila, íslenska ríkinu. Slíkt hefur ekki alltaf reynst vel og hefur t.d. tekist ágætlega að reka háskóla á fleiri en einum stað með mismunandi rekstrarformi og jafnvel með ólíkar áherslur. Valkostir hafa verið mikilvægir, jafnvel þótt um fleiri en eina

ríkisstofnun eða opinbera stofnun sé að ræða. Bæði sjúklingar og starfsfólk ættu að eiga valkost hvað snertir almenna þjónustu eða atvinnu, þótt vissulega sé hagkvæmt að vera með lykilstarfsemi eins og háskólasjúkrahús og rannsóknarsjúkrahús á einum stað.

Fjölmiðlaumræða hefur einkennst undanfarin ár á deilum milli stjórnmálaflokka þar sem staðsetning Landspítala hefur mótast talsvert af því sem kalla mætti „popúlisma“ þar sem spilað hefur verið á tilfinningar almennings. Staðsetning stærri bygginga eru vinsælt deiluefni. Margir hafa verið mjög uppteknir af staðarvalinu með tilliti til umferðarálags á vissum tímum dags og búsetu almennings, en skortur var á gagnlegum upplýsingum um forsendur þeirra ákvarðana sem lágu að baki staðarvalinu auk þess sem það var orði mjög gamalt.

Ákvörðun um staðsetningu nýs spítala og hvers eðlis hann á að ráðast af fjölmörgum þáttum. Þetta er í raun þverfaglegt verkefni. Það er ekki hægt að taka einhverja staðlaða sjúkrahúsbyggingu erlendis frá og staðsetja hér á landi. Hönnunarforsendur eru allt aðrar bæði hvað varðar hvers eðlis sjúkrahúsbyggingin er, byggingatæknileg atriði m.a. með tilliti til íslenskra aðstæðna, þróun borgarinnar og þeirrar staðreyndar að við erum eyland, fjarri sjúkrahúsþjónustu annarra landa. Það er auk þess mikill munur á bráðasjúkrahúsi sem jafnframt er háskólasjúkrahús þar sem klínísk kennsla fer fram og síðan sjúkrahúsi sem sérhæfir sig í tilteknum lækningum og endurhæfingu t.d. á sviði bæklunarlækninga, krabbameinslækninga, öldrunarlækninga eða geðlækninga svo dæmi séu nefnd. Mikil þróun er á sviði heilbrigðisvísinda og heilbrigðistækni og kostnaður við húsbyggingu er hlutfallslega lár miðað við rekstrarkostnað sjúkrahúss. Það er fullkomlega eðlilegt að byrja nú þegar að huga að staðarvali og undirbúningi áframhaldandi uppbyggingar sjúkrahúsþjónustu í Reykjavík.

Í þessu verkefni er nauðsynlegt að starfa með erlendum ráðgjöfum sem hafa reynslu af staðarvali og byggingu sjúkrahúsa. Fjölmargir hagsmunaaðilar þurfa jafnframt að koma að verkefninu. Til sögunnar eru nefndir sjálfstætt starfandi læknar sem sumir hafa öflugan samrekstur eins og Domus eða Orkuhúsið og ýmsar aðrar læknameiðstöðvar eru vel heppnuð dæmi. Vel má vera að ný sjúkrahúsbygging ætti að hýsa heilsugæslustöð, endurhæfingarmiðstöð, hjúkrunarheimili eða aðra sjálfstætt starfandi heilbrigðisþjónustu jafnvel fyrir útlandinga. Íslendingar standa framarlega á sviði heilbrigðisvísinda og eru jafnframt á margan hátt vel tengdir og öruggur staður fyrir erlenda sjúklinga ef vilji er fyrir því að veita heilbrigðisþjónustu fyrir útlandinga hér á landi.

Að lokum má nefna mikilvægi samstarfs við Landspítala og stjórnvöld varðandi hinn gamla Borgarspítala í Fossvogi og aðrar sjúkrahúsbyggingar sem hugsanlega verða ekki nýttar áfram eftir að hinn nýi meðferðarkjarni rís. Svara þarf því hvort sjúkrahúsbyggingar eins og Borgarspítali eða Landakot geta nýst áfram fyrir heilbrigðisþjónustu af einhverju tagi eða þá eitthvað annað. Æskilegt væri að bygging eins og Fossvogsspítali nýttist áfram næstu áratugi tengt heilbrigðisþjónustu ef mögulegt er. Það er ljóst að þjóðin er að eldast og þörf fyrir heilbrigðisþjónustu fer vaxandi einkum fyrir eldri borgara.

Að fengnu samþykki borgarstjórnar á þessari tillögu yrði haft samráð við hagsmunaaðila um skipan samstarfshóps sem mundi leiða vinnu við þetta mikilvæg verkefni. Forysta Reykjavíkurborgar er mikilvæg þótt aðkoma borgarinnar yrði ekki endilega mikil þegar að framkvæmdum kæmi. Verkefnið á aftur á móti að tryggja það að nú þegar verði farið að huga að staðarvali fyrir nýja sjúkrahúsbyggingu hvenær svo sem framkvæmdir við hana mundi hefjast og í hvaða áföngum ráðist yrði í verkefnið.